

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 5. tölulið 7. gr. laganna komi nýr töluliður:

6. Yfirlýsingu frá viðkomandi tryggingarfélagi um líf- og slysatryggingar skipverja, og skal skráningarstjóri ganga úr skugga um, að þær séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Nú vanrækir útgerðarmaður að hafa líf- og slysatryggingu í gildi, og er þá viðkomandi útgerðarfyrirtæki ábyrgt fyrir umsömdum bótagreiðslum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Árið 1962 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra,
Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.